

L.L. gegn Frakklandi

Dómur frá 10. október 2006

Mál nr. 7508/02

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Dómsmál um skilnað og forsjá. Notkun gagna með persónuupplýsingum.

1. Málsatvik

Kærandi, L.L., er franskur ríkisborgari, fæddur 1957 og búsettur í Frakklandi. Árið 1996 sótti eiginkona hans um skilnað vegna ítrekaðs heimilisofbeldis og ofdrykkju kæranda. Árið 1998 var konunni veittur skilnaður auk þess sem dómstóllinn sem fór með skilnaðarmálið staðfesti að hún skyldi fara með forsjá tveggja barna þeirra. Dómstóllinn leit sérstaklega til þess að konan hafði lagt fram læknisfræðileg gögn, sem studdu ásakanir hennar Kærandi áfrýjaði þessari niðurstöðu, og hélt því fram að fyrrverandi eiginkona hans hefði beitt svikum til að komast yfir gögn um lækniáðgerð sem hann fór í. Jafnframt tók hann fram að hann hefði hvorki gefið konunni eintak af sjúkraskrá sinni né aflétt þagnarskyldu af lækni sínum. Áfrýjunardómstóll staðfesti niðurstöðu undirrættarins, og tók sérstaklega fram að hin framlögðu læknisfræðilegu gögn staðfestu að kærandi væri alkóhólisti og að áfengisvandamál hans leiddi til ofbeldishneigðar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að gögn úr sjúkraskrá hans voru lögð fram fyrir rétti og byggt á þeim við ákvarðanatöku í skilnaðar- og forsjármáli hans. Þetta hefði verið gert án hans samþykkis og taldi hann því að brotið hefði verið gegn rétti sínum samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að með því að byggja niðurstöðu sína á skýrslu um lækniáðgerð kæranda og með því að vitna til skýrslunnar í dómi sínum hefði áfrýjunardómstóllinn opinberað persónulegar upplýsingar um kæranda.

Þá tók dómstóllinn fram að franskir dómstólar hefðu fyrst og fremst byggt á framburði vitna sem báru um ofdrykkju kæranda. Jafnframt hefði verið horft til læknisvottorða sem staðfestu að hann hefði beitt konu sína ofbeldi. Niðurstaða þeirra, um að kærandi hefði ítrekað og á alvarlegan hátt brugðist hjúskaparskyldum sínum, og að hjónabandinu væri ekki viðbjargandi, hefði aðallega byggst á þessum gögnum. Sjúkraskýrslna kæranda hefði einungis verið getið til að styðja niðurstöðuna enn frekari gögnum.

Það var því álit dómstólsins að franskir dómstólar hefðu allt að einu komist að sömu niðurstöðu, án þess að umræddar sjúkraskýrslur hefðu verið lagðar fram. Þá leit dómstóllinn til þess að þessi afskipti af einkalífi kæranda hefðu hvorki verið í samræmi við markmið þeirra né hefði borið nauðsyn til þeirra í lýðræðislegu samfélagi til verndar réttindum annarra. Enn fremur tók dómstóllinn fram að landslög veittu ekki næga vernd gegn notkun gagna af þessu tagi.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Þá taldi dómstóllinn að niðurstaðan sem slík fæli í sér nægar miskabætur.